

Mál nr. 428/2022

Nafn málskotsaðila (M)

Nafn varnaraðila (V)

Heiti váttryggingar: Ábyrgðartrygging atvinnureksturs.

Atvinnurekandi: A

Skaðabótaábyrgð. Vinnuslys.

Gögn.

1. Málskot mótttekið dags. 12. desember 2022, ásamt fylgiskjölum.
2. Bréf V dags. 16. janúar 2023, ásamt fylgiskjölum.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að M hafi orðið fyrir slysi þann 21. september 2021 þegar hann ók vörubifreið að fyrirtækinu A til að sækja fleka. Starfsmaður A hafi híft nokkra fleka upp á vörubifreiðina sem hver um sig hafi vegið um 71,5 kg og síðan hafi fimm slíkir fallið af bifreiðinni og á M sem varð undir þeim. Vinnueftirlitið hafi ekki komið á vettvang. M byggir á því að 5. gr. reglugerðar um notkun tækja nr. 367/2006 hafi ekki verið framfylgt en í greininni sé sú skylda lögð á atvinnurekendur að tryggja að tæki sem starfsmönnum er ætlað að nota hæfi verkinu þannig að starfsmenn geti notað tækið án þess að öryggi þeirra eða heilsa sé hættu búin. M telur A bera ábyrgð á háttsemi starfsmanns þess sem hafi ekki gætt nægilega að sér við lestun bifreiðarinnar á grundvelli reglunnar um vinnuveitendaábyrgð. Stæðum hafi verið staflað án þess að þær væru tryggilega festar. M byggir einnig á því að ekki hafi verið gert áhættumat sem sé áskilið skv. 65. gr. a. laga nr. 46/1980, um aðbúnað, hollustuhætti og öryggi á vinnustöðum.

Í bréfi V kemur fram að bótaskyldu sé hafnað þar sem ekki þykir sýnt fram á að slysið sé að rekja til sakar af hálfu A. Því er hafnað að starfsmaður A hafi ekki gætt nægilega að sér við lestun vörubifreiðarinnar. Þá telur V að starfsmaður A geti ekki verið látinn bera ábyrgð á því hvernig staðið var að lestuninni heldur hljóti þetta að vera ábyrgð M sem ökumanns bifreiðarinnar. Hann hljóti að hafa meira skynbragð á það sem ökumaður hversu hátt sé unnt að stafla á bifreiðina til að öruggt geti talist. Þá er bent á að sönnunarbyrði hvíli á M. Vinnueftirlitið hafi verið látið vita af atvikinu en hafi ekki séð ástæðu til vettvangsrannsóknar.

Álit.

Ágreiningur málsaðila snýr að því hvor beri ábyrgð á því að bitar féllu af vörubifreiðinni á M. Ekki virðist vera ágreiningur um tildrög slyssins og í lögregluskýrslu sem er frumgagn í málinu kemur fram hjá starfsmanni A, sem og M, að M hafi staðið við bifreiðina og verið að laga timbur sem flekarnir voru settir á. Mikill vindur hafi verið og 5 flekar hafi fokið af bifreiðinni og á M. Þá liggur fyrir í málinu að atvinnuveitandi M tilkynnti slysið til Vinnueftirlitsins sem hafi ekki rannsakað slysið. Sönnunarbyrði um það að sök hafi verið hjá A vegna slyssins hvílir á M. Meðal gagna málsins eru veðurmælingar við Straumsvík sem sýna að vindhraði hafi verið 9,4 -14,2 m/s þegar slysið átti sér stað og að mesta hviða hafi verið 18,4 m/s. Samkvæmt vindhraðaflokkun vedur.is telst vindhraði 10-20 m/s talsverður vindur og vera stinningskaldi eða strekkingur. Það var því ekki viðvörðun vegna veðursins. Aðilum ber þó saman um að flekarnir hafi fokið af pallinum. Ekki lá fyrir áhættumat við hleðsluna en þrátt fyrir það verður ekki séð að starfsmaður A hafi sýnt af sér saknæma háttsemi eða að slys M sé að rekja til atvika sem A verði látinn bera skaðabótaábyrgð á. Því verður að líta svo á að um óhappatilvik hafi verið að ræða. Með vísan til þess ber V ekki bótaábyrgð á tjóni M.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu A hjá V.

Reykjavík, 21. febrúar 2023,

Sóley Ragnarsdóttir

Hildigunnur Hafsteinsdóttir

Heiða Óskarsdóttir